

## Bókmenntaritgerð: Nútímaverk á sagnagrunni (20%) Einstaklingsverkefni

**Skil: 1. desember 2024**

Markmið verkefnisins er að nemendur þjálfist í að greina bókmenntatexta og geti fundið og rökstutt textatengsl.

Athugið að byggja þarf ritgerðina upp á hefðbundinn hátt (þrískipt bygging). **Bókina þarf að skrá í heimildaskrá ásamt öðrum heimildum.** Heimildir eru skráðar skv. **APA-kerfinu** eins og það er sett fram hjá [ritveri HÍ](#). Heimildaskrá skal setja á **öftustu blaðsíðu**. Myndir geta gert góða ritgerð áhugaverðari **en þá þarf líka að vera myndaskrá. Hún kemur á eftir heimildaskrá** en sett upp með sama hætti.

Í ritgerðinni eiga neðangreind atriði m.a. að koma fram en athugið að **þetta er ekki tæmandi upptalning**. Í sumum tilfellum **getur verið nauðsynlegt, gagnlegt eða skemmtilegt að benda á, ræða, útskýra eða kryfja önnur atriði.**

➤ **Örstutt kynning á bókinni:**

- Titill
- Höfundur
- Útgefandi og útgáfustaður
- Hvaða aldurshópi er sagan ætluð? Rökstyðja!
- Höfðar sagan jafnt til allra kynja? Rökstyðja!

➤ **Stutt kynning á höfundi bókar:**

- Æviágrip
- Ferill
- Helstu verk

➤ **Bókmenntagreining (sjá [yfirlit yfir bókmenntahugtök](#) á Moodle):**

- Fléttan í stuttu máli
- Frásagnarháttur (sjónarhorn og sögumaður): Rökstyðja!
- Ytri og innri tími: Rökstyðja!
- Veraldlegt og félagslegt umhverfi Rökstyðja!
- Persónusköpun – helstu persónur
  - Beinar persónulýsingar
  - Óbeinar persónulýsingar Rökstyðja!
- Hefur sagan eitthvert yfirlýst markmið eða boðskap? Er henni t.d. ætlað að vera fræðandi? Rökstyðja!
- Má finna gamaldags gildi eða viðhorf í henni? Rökstyðja!

- **Tengsl við sagnaarfinn:**
  - Er efnið sótt í goð- eða þjóðsögur?
  - Í hverju birtast textatengslin? Fjalla þarf ítarlega um þau og rökstyðja með vísun í verkið og uppsprettuna / uppspretturarnar.
  
- **Lokaniðurstöður og mat ykkar á bókinni.** Munið að rökstyðja mat ykkar.

Athugið að þessi upptalning er aðeins hugsuð til leiðbeiningar og til að gefa ykkur hugmyndir um umfjöllunarefni og efnistöð. Notið þessar uppástungur því til hliðsjónar. Alls ekki er ætlast til að spurningunum sé aðeins svarað heldur á að setja saman heildstæða ritgerð.

#### Frágangur:

- Forsíða sem uppfyllir öll fræðileg skilyrði, sjá [sýnishorn á Moodle](#).
- Læsilegt letur, t.d. Arial eða Times New Roman í 12 eða 14 punkta stærð.
- Línubil 1,5
- Heimildaskrá sett upp skv. APA-heimildaskráningakerfinu.

#### Uppbygging á ritgerðinni ætti að vera með eftirfarandi hætti:

- 1) Forsíða
- 2) Inngangur: kynning á bók og höfund
- 3) Bókmenntagreining
- 4) Tengsl við sagnaarfinn
- 5) Lokaorð: Rökstutt mat ykkar á bókinni með vísan í liði 3 og 4
- 6) Heimildaskrá (og myndaskrá)

[Listi yfir bækur sem er í boði að skrifa um er á Moodle.](#)